

GJALDSKRÁ

vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg.

1. gr.

Borgarstjórn Reykjavíkur hefur ákveðið að setja gjaldskrá til innheimtu kostnaðar við útgáfu framkvæmdaleyfis og vegna vinnu við skipulagsmál. Gjaldskráin tekur erinda sem koma til afgreiðslu á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa sem eru vegna útgáfu leyfa til framkvæmda, skjalagerðar, yfirlesturs gagna, auglýsinga, kynninga og allrar annarrar umsýslu og þjónustu sem embætti skipulagsfulltrúans í Reykjavík veitir, svo sem vegna framkvæmda sem bundnar eru framkvæmdaleyfi, gerð skipulagsáætlana og breytingu á þeim, samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010.

2. gr.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar skal innheimta gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá fyrir hönd borgarstjórnar Reykjavíkur.

3. gr.

Afgreiðslugjald: Gjald sem greitt er við móttöku erindis um deili- eða aðalskipulagsbreytingu eða útgáfu framkvæmdaleyfis. Í afgreiðslugjaldi felst kostnaður við móttöku og yfirferð erindis sem lögð eru fram á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa. Greiðsla afgreiðslugjalds er óafturkræf þótt erindi sé synjað eða það dregið til baka.

Umsýslu- og auglýsingakostnaður: Kostnaður Reykjavíkurborgar vegna afgreiðslu erindis, kynningar, birtingar auglýsinga sem og annar kostnaður vegna umsýslu erindis.

4. gr.

Innheimta skal afgreiðslugjald vegna erindis um framkvæmdaleyfi, deiliskipulag og aðalskipulag. Afgreiðslugjaldið skal ákveða fyrir hverja tegund erindis og skal taka mið af þeirri vinnu sem almennt felst í slíku erindi. Sé þörf á að vinna skipulagsáætlun eða breytingar á henni vegna leyfisskyldra framkvæmda innheimtir skipulagsfulltrúi gjald fyrir skipulagsvinnu sem nauðsynleg er vegna þeirrar framkvæmdar.

5. gr.

5.1 Afgreiðslugjald 12.800 kr.

5.2 Framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. skipulagslaga 128.000 kr.

5.3 Framkvæmda leyfi skv. 13. gr. sem falla undir flokk C í lögum um mat á umhverfisáhrifum 153.600

5.3 Framkvæmdaleyfi skv. 14. gr. skipulagslaga 192.000 kr.

5.4 Eftirlitgjald vegna umfangsmikilla framkvæmdaleyfa skal innheimt samkvæmt samningi sbr. 9. gr. þessarar gjaldskrár.

5.5 Innheimta skal útlagðan kostnað vegna auglýsinga skipulagsáætlana samkvæmt reikningi.

6. gr.

6.1 Afgreiðslugjald 12.800 kr.

6.2 Umsýslukostnaður vegna breytinga á aðalskipulagi skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga 320.000 kr.

6.3 Umsýslukostnaður vegna óverulegra breytinga á aðalskipulagi skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga 192.000 kr.

6.4 Innheimta skal útlagðan kostnað vegna auglýsinga skipulagsáætlana samkvæmt reikningi.

7. gr.

7.1 Afgreiðslugjald 12.800 kr.

7.2 Gjald vegna vinnu skipulagsfulltrúa við gerð lýsingar skipulagsáætlunar og/eða yfirlestur og yfirferð á lýsingu sem og önnur umsýsla 192.000 kr.

7.3 Umsýslukostnaður vegna nýs deiliskipulags skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga 384.000 kr.

- 7.4 Hafi embætti skipulagsfulltrúa milligöngu um gerð nýs deiliskipulags skal innheimt skv. samningi sbr. 9. gr. þessarar gjaldskrár
- 7.5 Umsýslukostnaður vegna verulegra breytinga á deiliskipulagi skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga 320.000 kr.
- 7.6 Umsýslukostnaður vegna óverulegra breytinga á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga 192.000 kr.
- 7.7 Innheimta skal útlagðan kostnað vegna auglýsinga skipulagsáætlana samkvæmt reikningi.

8. gr.

- 8.1 Umsýslukostnaður vegna grenndarkynningar skv. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga 89.600 kr.
- 8.2 Umsýslukostnaður vegna málsmeðferðar skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga 51.200 kr.
- 8.3 Innheimta skal útlagðan kostnað vegna auglýsinga skipulagsáætlana samkvæmt reikningi.

9. gr.

Þegar vísað er í þessari gjaldskrá til þess að skipulagsfulltrúi skuli gera samning, þá skal skipulagsfulltrúi og umsækjandi gera samning sín í milli um viðkomandi verkefni sem skipulagsfulltrúi skal hafa umsjón með eða vinna. Semja skal um hámark samningsfjárhæðar sem skal endurspegla kostnað af vinnu skipulagsfulltrúa. Hámarksfjárhæð samningsins skal byggð á þeim tímafjölda sem áætlað er að skipulagsfulltrúi muni þurfa að verja við verkið. Samningsfjárhæð skal vera hámarksgreiðsla umsækjanda, þó að kostnaður reynist meiri en samningur tilgreinir, en ef kostnaður við vinnu skipulagsfulltrúa verður lægri skal sá mismunur endurgreiddur. Umsækjandi skal greiða umsamda samningsfjárhæð við undirritun samnings og skal skipulagsfulltrúi endurgreiða umsækjanda mismun ef raunkostnaður samningsins er lægri en samningsfjárhæð.

10. gr.

Gjöld sem innheimt eru samkvæmt þessari gjaldskrá skulu aldrei nema hærri fjárhæð en sem nemur kostnaði við veitta þjónustu.

11. gr.

Afgreiðslugjald samkvæmt þessari gjaldskrá fellur í gjalddaga við móttöku erindis og skal vera greitt áður en fjallað er um erindi. Umsýslu- og auglýsingagjöld vegna breytinga á aðalskipulagi eða deiliskipulagi skal greiða áður en tillaga er auglýst í kjölfar samþykktar þess efnis. Gjald vegna framkvæmdaleyfis skal greiða fyrir samþykkt og útgáfu framkvæmdaleyfis. Samningsfjárhæð samnings samkvæmt 9. gr. gjaldskrár þessarar fellur í gjalddaga við undirritun samnings.

12. gr.

Heimilt er að veita afslátt, allt að 50% frá gjaldskrá þessari, ef sýnt er fram á að verkefni er umfangslítið og kostnaður óverulegur. Ákvæði þetta á þó ekki við um afgreiðslugjald.

13. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og var staðfest í borgarstjórn Reykjavíkur þann xx.xxxx 2018. Gjaldskráin tekur gildi við birtingu í B- deild Stjórnartíðinda og fellur þá úr gildi gjaldskrá nr. 1193/2016.

Borgarstjórnin í Reykjavík, xx.xxxx 2018.

Dagur B. Eggertsson.
